

**Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis,  
b.t. Jóns Þórs Ólafssonar, formanns,  
Alþingi  
101 Reykjavík.**

Reykjavík, 26. 03.2021

**Efni:** Beiðni um opinbera rannsókn

Málið varðar vinnubrögð við undirbúning og gerð breytinga á lögum um fiskeldi nr. 71/2008 sem samþykkt voru á Alþingi 2019. Lögin byggja á skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra frá 2017 þar sem forsvarsmenn laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila sömdu leikreglur til að uppfylla væntingar um fjárahagslegs ávinnings.

Málið snýst ekki um að fjársterkir athafnamenn nýta sér tækifærin, heldur að þeir séu leiðandi við hönnun á leikreglum, skjalfest í lögum, sjálfum sér og sínum fyrirtækjum til fjárhagslegs ávinnings á kostnað annarra. Ferlinu er lýst í mjög stuttu máli í nýlegri grein sem er að finna í fylgiskjali 1.


Undirritaður gerir alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð áður nefnds starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og telur að þau samræmist ekki á nokkurn hátt góðum stjórnsýsluháttum og kunni í ákveðnum tilvikum að fara gegn ákvæðum stjórnsýslulaga. Í þessu sambandi hef ég tekið saman greinagerðir til að upplýsa um vinnubrögðin sem hægt er að sækja á slóðinni:

<https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

Vegna þeirra alvarlegu annmarka sem eru á þeim gögnum sem fyrirbyggjandi frumvarp byggir á, telur undirritaður að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis beri að taka málið upp og rannsaka og eftir atvikum að nefndin skipi óháða rannsóknaraðila til að yfirfara þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð.

Vakin er athygli á að á árinu 2019 sendi undirritaður fimm sinnum beiðni um opinbera úttekt á málinu til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar en einhverra hluta vegna hafa engin svör borist.

Virðingarfyllt,



Valdimar Ingi Gunnarsson,  
Sjávarútvegsþjónustan ehf.